


Að meta lífsgæði hjá dýrinu sínu

Langt líf er lítils virði ef lífsgæði eru orðin lítil sem engin. Þar sem við getum ekki spurt dýrin okkar hvernig þeim líður verðum við að treysta á að lesa í hegðun þeirra, heilsu og getu til að sinna daglegum athöfnum. Þetta er stundum erfitt fyrir eigendur að meta þar sem lífsgæði skerðast oft smátt og smátt og því er breytingin ekki augljós fyrir þann sem er með dýrinu alla daga.

Það getur því verið gott fyrir eigendur að gera upp við sig hvað þeim finnst vera ásættanleg lífsgæði fyrir sitt dýr og þá er t.d. hægt að notast við tól eins og spurningalistann hér fyrir neðan. Að fara í gegnum þessi atriði með fjölskyldumeðlimum eða sínum dýralækni getur hjálpað seinna meir þegar dýr er orðið gamalt eða veikt og ákvörðun um lífslök er framundan.

Hærri tölur á skalanum standa fyrir betri lífsgæði. Skalinn getur hjálpað eigendum að gera sér betur grein fyrir almennri líðan dýrsins síns. Í sumum tilfellum getur eitt atriði lengst til vinstri á listanum (t.d. sársauki) gefið til kynna mjög slæm lífsgæði, jafnvel þó mörg önnur atriði séu lengst til hægri. Sum einkenni geta svo verið viðbúnir fylgikvillar við meðferð sem dýrið er í og því er mikilvægt að ræða þau einkenni við sinn dýralækni.

Dýrið mitt...	Mjög sammála	Sammála	Hvorki né	Ósammála	Mjög ósammála
vill ekki leika sér	1	2	3	4	5
dregur sig í hlé og leitar ekki til mín eins og áður	1	2	3	4	5
hefur ekki gaman af sömu athöfnum og áður	1	2	3	4	5
felur sig	1	2	3	4	5
yfirbragð/hegðun er öðruvísi en var fyrir greiningu/veikindi	1	2	3	4	5
virðist ekki njóta lífsins	1	2	3	4	5
á fleiri slæma daga en góða daga	1	2	3	4	5
sefur meira en vanalega	1	2	3	4	5
virðist leitt og þunglynt	1	2	3	4	5
virðist/er að upplifa sársauka	1	2	3	4	5
Er mótt, jafnvel í hvíld	1	2	3	4	5
skelfur	1	2	3	4	5
ælir eða virðist vera óglatt	1	2	3	4	5
étur ekki vel, t.d. borðar bara nammi ef matað	1	2	3	4	5
er ekki að drekka nóg	1	2	3	4	5
er að léttast	1	2	3	4	5
fær oft niðurgang	1	2	3	4	5
pissar óeðlilega oft/sjaldan	1	2	3	4	5
hreyfir sig óeðlilega	1	2	3	4	5
er ekki eins orkumikið og áður	1	2	3	4	5
þarf hjálp frá mér til að hreyfa sig	1	2	3	4	5
þrífur sig ekki eftir að gera þarfir sínar	1	2	3	4	5
er slæmt í feldinum (mattur/fitugur)	1	2	3	4	5
hvernig er heilsa dýrsins nú miðað við þegar það greindist/veikindi byrjuðu	1 Verri	2	3 Eins	4	5 Betri

Núverandi lífsgæði Settu x á þann stað á línunni sem á best við miðað v. svörin að ofan		
	Léleg	Góð